

# ÖRUGGARI KORTAGREIÐSLUR OG VERNDUN KORTAUPPLÝSINGA

Nú er komið að íslenskum fyrirtækjum  
að uppfylla alþjóðlegar kröfur  
um öryggi í kortaviðskiptum



PINNID  
Á MINNID

## KORTHAFAR Á ÍSLANDI STAÐFESTA GREIÐSLUR MEÐ PINNI Í STAÐ UNDIRSKRIFTAR



Fyrirtæki taka við greiðslu með örgjörvaposu sem snýr að viðskiptavinum.



Viðskiptavinir greiða með örgjörvakorti og staðfesta greiðslu með pinni í stað undirskriftar.



Starfsfólk þarf ekki lengur að bera saman undirskrift á korti og kvittun.

### EF TEKID ER Á MÓTI GREIÐSLU MEÐ ÖRGJÖRVAKORTI Í ÖRGJÖRVAPOSA ...



og færslan staðfest með pinni í stað undirskriftar, **ber fyrirtækið ekki ábyrgð** ef færslan reynist svíksamleg.




en segulröndin samt notuð og viðskiptin ekki staðfest með pinni, **ber fyrirtækið alla ábyrgð** ef kortið reynist stolið eða falsað.



# SVONA ER TEKIÐ VIÐ KORTAGREIÐSLU SEM STAÐFEST ER MEÐ PINNI



1 Starfsmaður sendir upphæðina úr afgreiðslu-kerfi í posann eða slær hana beint þar inn.



2 Starfsmaður biður viðskiptavin að setja kortið í posann og staðfesta viðskiptin.



3 Viðskiptavinur setur öggjörvakortið í posann.



4 Viðskiptavinur slær inn pinnið og staðfestir þannig viðskiptin.



5 Posinn sækir heimild og staðfestir pinnið.



6 Viðskiptavinur tekur kortið og fær kvittun.

# FYRIRTÆKI SEM TAKA VIÐ KORTAGREIÐSLUM ÞURFA AÐ SETJA UPP ÖRGJÖRVAPOSA SEM SNÝR AÐ VIÐSKIPTAVINUM

## HVAÐ GERA FYRIRTÆKI MEÐ SJÁLFSTÆÐA POSA?



Þjónustuaðilar örgjörvaposar eiga tilbúna lausnir, hvort sem hentar betur að setja upp tvo samtengda posa eða einn posa sem má snúa í báðar áttir.

Það þarf annaðhvort að uppfæra hugbúnað posans eða skipta yfir í örgjörvaposar.

Finna þarf hentuga staðsetningu fyrir posar sem snýr að viðskiptavinum.

---

Farðu á [www.pinnid.is](http://www.pinnid.is) og finndu upplýsingar um þjónustuaðila örgjörvaposar eða afgreiðsluferfa, til að skipuleggja nauðsynlegar breytingar.

---



## HVAÐ GERA FYRIRTÆKI MEÐ AFGREIÐSLUKERFI?

Þjónustuaðilar afgreiðslukerfa eiga tilbúna tengingar á milli kassa og örgjörvapos.

Finna þarf hentuga staðsetningu fyrir posa sem snýr að viðskiptavinum.

Flestum dugar einn örgjörvaposi fyrir hvern kassa. Huga þarf að netlögn fyrir posann.

Ef fyrirtækið er með tryggðarkort þarf að huga að áframhaldandi virkni þess með posanum.



---

**BYRJAÐU STRAX AÐ UNDIRBÚA  
FYRIRTÆKIÐ ÞITT FYRIR  
ÖRUGGARI KORTAVIÐSKIPTI.**

---



## VERNDUN KORTA- UPPLÝSINGA ER Á ÁBYRGÐ FYRIRTÆKIS SEM TEKUR VIÐ KORTAGREIÐSLUM



Skipulögð glæpasamtök stunda þjófnað kortaupplýsinga úr tölvukerfum fyrirtækja. Með upplýsingunum eru útbúin fölsuð kort og með þeim svikin út verðmæti eða reiðufé.

Fyrirtæki sem taka við kortagreiðslum verða að uppfylla alþjóðlega öryggisstaðalinn PCI, til að vernda viðkvæmar kortaupplýsingar gegn þjófnaði. PCI-staðallinn nær yfir alla meðhöndlun kortaupplýsinga innan fyrirtækisins.

---

**EF KORTAUPPLÝSINGUM  
ER STOLIÐ ÚR TÖLVUKERFI  
FYRIRTÆKIS ...**



fyrirtækið uppfyllti PCI og sýndi ekki gáleysi, og er því **ekki dregið til ábyrgðar**.



fyrirtækið uppfyllti **ekki** PCI og gæti því orðið **ábyrgt fyrir tjóni**.

---

**NÁNARI UPPLÝSINGAR UM PCI-STADALINN,  
VOTTUN ÖRGJÖRVAPOSA OG ÞJÓNUSTUAÐILA  
SEM AÐSTOÐA VIÐ PCI-SJÁLFSMAT OG PCI-SKÖNNUN  
Á [WWW.KORTAORYGGI.IS](http://WWW.KORTAORYGGI.IS)**

Þótt fyrirtækið visti ekki kortaupplýsingar í afgreiðslu- eða tölvukerfum og þótt samskipti séu vernduð þegar heimild er sótt, gæti njósnahugbúnaður komist yfir kortaupplýsingar þegar segulröndin er lesin. Uppfylli fyrirtækið ekki kröfur PCI-staðalsins er meiri hættu á að hægt sé að koma fyrir njósnahugbúnaði í kerfinu.



**Vottaður örgjörvaposi er með innbyggðar varnir gegn þjófnaði á kortaupplýsingum. Posinn deilir ekki viðkvæmum kortaupplýsingum með afgreiðslukerfum og öll samskipti posans við heimildakerfi hafa fengið aukna vernd.**

Fyrirtæki með afgreiðslukerfi þurfa að setja upp örgjörvaposi til að taka við greiðslum með pinni í stað undirskriftar. Vottaður örgjörvaposi tengdur afgreiðslukerfi getur einfaldað fyrirtækinu að uppfylla kröfur PCI-staðalsins. Notkun hans leysir fyrirtæki þó ekki undan ábyrgð á verndun kortaupplýsinga.

# MEÐ VERKEFNINU PINNIÐ Á MINNIÐ ER NOTKUN GREIÐSLU- KORTA MEÐ ÖRGJÖRVA INNLEIDD Á ÍSLANDI

Íslensk fyrirtæki, korthafar, útgefendur greiðslukorta og færsluhirðar uppfylla þannig öryggiskröfur alþjóðlegu korta-fyrirtækjanna sem innleiddar eru um allan heim. Ávinningur verkefnisins er aukið öryggi fyrir korthafa og fyrirtæki sem taka við kortagreiðslum. Greiðsluveitan ehf., dótturfyrirtæki Seðlabanka Íslands, sér um framkvæmd verkefnisins ásamt færsluhirðunum Borgun, Valitor og Teller (samstarfsaðila Kortapjónustunnar). Verkefnið Pinnið á minnið er unnið með heimild Samkeppniseftirlitsins samanber ákvörðun 18/2010.

[www.pinnid.is](http://www.pinnid.is)



**PINNIÐ  
Á MINNIÐ**

Upplýsingar í þessum bæklingi eru ætlaðar til kynningar og fróðleiks og eru ekki tæmandi. Í upplýsingunum felst engin ábyrgð eða skuldbinding varðandi móttöku greiðslukorta eða miðlun á rafrænum kortafærslum.